

Nr. 111 / 15 Sturlaugur H. Böðvarsson AK 10***Skipverji slasast í fiskilest***

Skipaskr.nr. 1585 IMO nr. 8003993
Smíðaður: Akranesi 1981 stál
Stærð: 431,2 brl. 712 bt.
Mesta lengd: 50,85 m Skráð lengd: 44,16 m
Breidd: 9 m Dýpt: 6,4 m
Vél: Stork Werkspoor 1590 kW, 1986
Fjöldi skipverja: 15

Gögn:
Gögn RNSA



Sturlaugur H. Böðvarsson ©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 19. febrúar 2016 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 6. október 2015 var Sturlaugur H Böðvarsson AK 10 á togveiðum á Halanum. Veður: NA 12 m/s og ölduhæð 4 m.

Skipverji var við vinnu í lest þegar hann rann af fiskikari og féll með þeim afleiðingum að brún fiskikars lenti undir vinstri handakrika. Þegar hann reyndi að standa upp féll hann í yfirlið skamma stund.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverji var á hnjónum upp á fiskikari með loki þegar djúp velta kom á skipið og hann rann af fiskikarinu og lenti með handarkrika vinstri handar á karabrun;
- að sögn slasaða sagðist hann hafa farið úr axlalið og í liðinn aftur;
- að lokið á fiskikarinu var blautt;
- að slasaði sagðist hafa verið í sjóbuxum og náði ekki að grípa í neitt á veltunni.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð.